




Lotubundin setmyndun í Tithonium Chasma

ESP_034132_1750

Þessi HiRISE mynd, sem er af austurhlíð í Tithonium Chasma, var tekin til að fylgja eftir eldri myndum frá Context Camera sem virtust sýna nokkur setlög með nærri jafna þykkt. Dökku og ljósu rákirnar virðast sveigja til austurs (niður á við) yfir hryggina. Í augum jarðfræðings sýnir mynstur þessarar bergopnu, að gömlu setlögin halla minna en hlíðin sjálf gerir í dag. Frekari túlkun á myndinni gæti skorið úr um hvort í lögunum leynist upplýsingar um fornar loftslagsbreytingar á Mars.